

HRÍSEYJARHREPPUR



Alþingi

Erindi nr. P 127/1817

komudagur 10.4.2002

Alþingi

Sjávarútvegsnefnd,
Ágúst Geir Ágústsson,
nefndarritari,
150 Reykjavík.


Hrísey 10.04.2002

Efni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Í framhaldi af bréfi þ. 7.3 2002, þar sem farið er fram á umsögn sveitarstjórnar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, skal það hér með tilkynnt að sveitarstjórn Hríseyjarhrepps tók erindið fyrir á fundi 9.4 sl. og bókaði eftirfarandi:

“Þar sem sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn sveitarstjórnar Hríseyjarhrepps um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, lýsir sveitarstjórn því yfir að hún er alfarið á móti lögum um stjórn fiskveiða í núverandi mynd, þar sem fá ef nokkur sveitarfélög hafa farið jafn halloka eftir að framsal kvóta var sett í lög. Aukinn byggðakvóti er jákvæður punktur í frumvarpinu, en langur vegur að hann gangi nógu langt. Veidigjald er eitthvað sem engin sátt verður um og bætir á engan hátt hlut sjávarbyggða nema síður sé.”

Virðingarfyllst,
f.h. Hríseyjarhrepps,


Pétur Bolli Jóhannesson,
Sveitarstjóri.



Ps. Þar sem einn fundur er haldinn að jafnaði í sveitarstjórn Hríseyjarhrepps í mánuði tókst ekki að fjalla um erindið í marsmánuði en vonast er til að rödd okkar fái að heyrst samt sem áður.